

REGLUGERÐ

um löggildingu rafiðnfræðinga.

1. gr.

Ráðherra veitir rafiðnfræðingum löggildingu til að hanna séruppdrætti á sínu sviði. Löggildingin takmarkast við lágspennuvirki, sbr. reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 49. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 5. október 2000.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Kristín L. Árnadóttir.

29. september 2000

Nr. 731

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundasvæðis að Ofanleiti, Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 8. maí 2000 samþykkt deiliskipulag frístundasvæðis að Ofanleiti í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast að sunnan við girðingu flugbrautar, að norðan um Höfðaveg og Ofanleitisveg, um framtíðaríbúðarsvæði í austri og girðingu flugbrautar og Ofanleitisveg í vestri.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 29. september 2000.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.

9. október 2000

Nr. 732

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 280 14. maí 1998.

1. gr.

Í viðauka I með reglugerðinni verði svohljóðandi texti og tafla um 37. gr. laganna:

37. gr. Almennar hraðatakmarkanir

Þegar ekið er yfir lögleyfðum hámarkshraða skal beita eftirfarandi töflu við ákvörðun sekta og sviptingu ökuréttar. Í efstu línu lárétt er lögleyfður hámarks-hraði tilgreindur. Raunverulegur hraði ökutækis er tilgreindur í fremsta dálki.